

Athugasemdir til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar vegna þingsályktunartillögu um afturköllun á ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrv. forsætisráðherra – Þingskjal nr. 573 – 403. mál.

Ég undirritaður vil koma á framfæri athugasemd við að umrædd þingsályktunartillaga fái flýtimeðferð hjá nefndinni. Um þessar mundir er í gangi afgreiðsla á tillögu Stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaga, og afar brýnt að vinna við það mikilvæga mál teffist ekki frekar en orðið er. Vísað er til ríks vilja meðal þjóðarinnar (75,3%) að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögurnar, sjá <http://evjan.is/2011/09/20/meirihluti-vill-thjodaratkvaedagreiðslu-vegna-frumvarps-um-nyja-stjornarskra>, og vilja forsætisráðherra að slík þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram samhliða væntanlegum forsetakosningum.

Að mati undirritaðs felur umrædd þingsályktunartillaga í sér aðför að þrískiptingu ríkisvaldsins þar sem að löggjafarvaldið væri í reynd að íhlutast í dómsmál fyrir fjölskipuðum dómi. Slíkt er fáheyrt í lýðræðisríkjum sem við viljum bera okkur saman við en að sama skapi algengara í einræðisríkjum og svokölluðum “bananalýðveldum”. Sá möguleiki væri vissulega fyrir hendi að Landsdómur tæki ekki mark á þingsályktunartillögu sem þessari en þannig myndi stjórnkerfi landsins vera í uppnámi.

Í lögum um Landsdóm nr. 3/1963 er ekki sérstaklega kveðið á um afturköllun ákæru eins og greinargerðin nefnir, enda hefur höfundum laganna á sínum tíma vart dottið annað í hug en að dómurum sjálfum væri best treystandi að meta gildi ákæruliða og hvort frávísun kæmi til álita. Um er að ræða mál þar sem rökstuddur grunur um brot á lögum og stjórnarskrá eru til skoðunar (sjá Rannsóknarskýrslu Alþingis), en ekki pólitísk ábyrgð á hruni fjármálakerfisins eða frammistaða ákærða í ráðherraembætti eins og gefið er í skyn í greinargerð með umræddri þingsályktunartillögu.

Að lokum er rétt að minna á að tillögur stjórnlagaráðs gera ráð fyrir breyttri tilhögun þegar svonefnd ráðherraábyrgð kemur til skoðunar, sbr. 95. gr. Ljóst er að Alþingi hefur mjög beiskan bikar að bergja á nú þegar þingmönnum og ráðherrum er falið að meta möguleg lagabrot flokksfélaga og fyrrum samráðherra. Slíkt kann vart góðri lukku að stýra þar sem heiður þingsins er að veði og verður að segjast að þar eru miklir hagsmunir í húfi.